



2010

Þjóðarspegillinn

Ættleiðing erlendra barna á Íslandi

Aðlögun og samskipti í fjölskyldum og leikskólum

Hanna Ragnarsdóttir
Elsa Sigríður Jónsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ættleiðing erlendra barna á Íslandi

Aðlögun og samskipti í fjölskyldum og leikskólum

Hanna Ragnarsdóttir
Elsa Sigríður Jónsdóttir

Greinin fjallar um fyrstu niðurstöður úr eiginlegri langtímarannsókn á högum, aðbúnaði og aðlögun ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi. Tuttugu fjölskyldur, sem hafa ættleidd börn frá útlöndum, taka þátt í rannsókninni sem hófst árið 2005¹. Tíu barnanna í rannsókninni voru ættleidd árið 2002 og önnur tíu árið 2004. Á um það bil tveggja ára fresti eru tekin viðtöl við foreldra og kennara í leik- og grunnskólum barnanna. Einnig er fyrirhugað að taka viðtöl við börnin sjálf. Áætlað er að rannsóknin standi fram á unglingsár barnanna. Rannsókninni er m.a. ætlað að skilja reynslu foreldra af því að ættleida barn frá útlöndum, varpa ljósi á hvernig móttöku barnanna var háttað og hvernig börnunum gengur að aðlagast nýju samfélagi. Í greininni verður sérstakri athygli beint að aðlögun og tengslum barnanna í fjölskyldum og leikskólum ásamt væntingum foreldra og leikskólakennara til grunnskólagöngu þeirra.

Fræðilegur bakgrunnur

Ættleidd börn og fjölskyldur þeirra

Fyrst þegar farið var að rannsaka ættleidd börn sýndu niðurstöður oft fram á að ættleidd börn áttu á hættu námsörðugleika og sálfræðileg vandamál (Brodzinsky og Brodzinsky, 1992; Wierzbicki, 1993). Einnig kom fram að tengslamyndun barna og foreldra gengi illa sem rakið var m.a. til dvalar barnanna á stofnunum (Borders, Black og Pasley, 1998; O'Brien og Zamostny, 2003). Þekkt er að tengslaskortur og afræksla á stofnunum er hættuleg þroska barna (Bowlby, 1951; Spitz, 1956). Ógagnrýnin vinsemd (*indiscriminate friendliness*) er einnig rakin til vöntunar á geðtengslum. En þá sýna börn ókunnugu fólki óhóflega ástúð án varúðar sem börn sýna jafnan í samskiptum við ókunnuga (Chisholm, 1998).

Nú er viðurkennt að ættleiðing sé ein af mörgum leiðum til að mynda fjölskyldu og rannsóknir seinni ára leiða í ljós að ættleiðing er besta úrræðið til að stuðla að farsælum þroska barna sem hafa verið skilin frá kynforeldrum sínum við fæðingu (Johnson, 2002). Juffer og Rosenboom (1997) draga þá ályktun af rannsókn sinni á tengslamyndun foreldra og barna að sjálf ættleiðingin (þegar ekki er um að ræða vanörvun og afskiptaleysi) þurfi ekki að leiða til ótryggra geðtengsla. Komið hefur í ljós í rannsóknum að það sé meira undir kjörforeldrum komið hvernig til tekst heldur en barninu sjálfu og eiginleikum þess. Samheldni, jákvæðni og opin samskipti í fjölskyldum séu allt þættir sem stuðli að farsælli niðurstöðu (Linville og Lyness, 2007).

¹ Hanna Ragnarsdóttir og Baldur Kristjánsson, dósentar við Háskóla Íslands, hófu rannsóknina og tóku viðtölin í fyrri lotu. Elsa Sigríður Jónsdóttir, lektor við sama skóla, tók síðan við af Baldri og hún og Hanna tóku seinni viðtölin við foreldra og viðtöl við leikskólakennarana. Rannsóknin var styrkt af Rannsóknarsjóði KHÍ. Félagið Íslensk ættleiðing veitti aðstoð við öflun þátttakenda í rannsókninni.

Í seinni tíð leggja fræðimenn (sbr. Dalen, 2005) áherslu á að ættleidd börn búi yfir seiglu og styrk og þau geti snúið þroska sínum á jákvæðar brautir og yfirunnið mótlæti. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á alþjóðlega ættleiddum unglingum sýna að þeir hafa nærri allir aðlagast vel (Marcovitch o.fl., 1997). Í rannsókn Dalen og Rygvold (2006) þar sem þær báru saman námsárangur barna ættleiddra frá Kína við námsárangur sambærilegra norskra barna var enginn munur á frammistöðu.

Flest ættleidd börn eru forvitin um uppruna sinn og það getur haft áhrif á sjálfsmynd þeirra og tengsl við fjölskyldu hvernig þau skilja hann (Beckett o.fl., 2008). Samkvæmt rannsóknnum Hawkins og félagi (2007) áttu kjörbörn stundum erfitt með að tala um ættleiðinguna og fannst oft að þau væru öðruvísi en fjölskyldan. Sjálfsálit þessara barna var minna en þeirra sem gátu talað óhindrað um ættleiðinguna. Í annarri rannsókn virtust foreldrar ekki gera sér grein fyrir að börnin ættu erfitt með að tala um ættleiðinguna og gerðu lítið úr erfiðleikum þeirra (Beckett o.fl., 2008). Fræðimenn álíta að opin og einlæg tjáskipti séu lykilatriði til að ættleiðing takist vel (Brodzinsky, 2006). Þótt ekki sé mikið vitað um uppruna barnsins skipti miklu að hvetja barnið til að tjá hugsanir, tilfinningar og ímyndanir um uppruna sinn. En stundum eiga foreldrar erfitt með að taka forvitni barna sinna og upplifa óþægilegar tilfinningar og jafnvel ógn.

Það skiptir máli hvernig fjallað er um ættleiðinguna í fjölskyldu barnsins og það getur haft varanleg áhrif á vellíðan og aðlögun þess (Friedlander, 1999). Börn sem eru af öðrum kynþætti en kjörforeldrar sjá fljótt að þau líta öðru vísi út og það vekur spurningar. Foreldrar verða að taka afstöðu til hvort það sé gott fyrir börnin að samsama sig við menningu upprunalandsins. Friedlander (1999) leggur áherslu á að þótt ættleidd börn alist upp í menningu kjörforeldra sinna sé mikilvægt fyrir þau að skilja upprunamenningu og þjóðerni.

Skólaganga barna af erlendum uppruna

Fjöl margar rannsóknir hafa verið gerðar á skólagöngu barna af erlendum uppruna og innflytjendabarna. Í niðurstöðum rannsókna í mörgum löndum hefur m.a. komið fram jaðarstaða nemenda úr minnihlutahópum á ólíkum skólastigum (Brooker, 2002; Coard, 2005; Drew og Demack, 1998; Gundara, 2000; Hernandez, 2004; Holm og Londen, 2010; Nieto, 1999; Rumbaut og Portes, 2001; von Brömssen og Olgaç, 2010). Með jaðarstöðu er átt við að börnin nái ekki góðri fótfestu, þau verði að einhverju leyti utanveltu og þeim gangi illa bæði félagslega og í námi. Vel þekkt er einnig að nemendur úr minnihlutahópum séu metnir á grundvelli skorts eða vöntunar fremur en styrks og hæfileika og hefur slíkt stundum verið nefnt hallalíkan (*deficit model*). Á Íslandi eru dæmi þess að kunnátta í íslensku hafi verið notuð sem helsti mælikvarði á styrkleika nemenda en um leið hafi verið litið fram hjá margvíslegri annarri hæfni þeirra (Jónsdóttir og Ragnarsdóttir, 2010; Ragnarsdóttir, 2008). Í rannsóknnum er einnig vel þekkt að lítarháttur og uppruni getur skapað jaðarstöðu nemenda á öllum skólastigum (sjá t.d. Hernandez, 2004; Ladson-Billings, 2001; Nieto, 1999). Jaðarstaða getur einnig orðið hlutskipti barna sem eiga annað móðurmál en málið sem er ríkjandi í skóla og samfélagi (Brooker, 2002; Hernandez, 2004; Nieto, 1999). Með móðurmáli er yfirleitt átt við það mál sem barnið lærir fyrst og talar að staðaldri heima hjá sér í æsku. Elín nefnir að þetta sé reyndar ekki alltaf mál móður barnsins, þótt oftast sé það svo. Móðurmálið sé ekki endilega það mál sem barnið verði leiknast í þegar fram líða stundir. Að sögn Elínar hafa margir góð tækni á móðurmáli sínu ævilangt þótt þeir noti mest annað mál í daglegu lífi og starfi, en aðrir glata smám saman þeirri leikni sem þeir áður höfðu í móðurmálinu. Þetta á einkum við um fólk sem flyst til landa þar sem fá tækifæri bjóðast til að tala mál heimalandsins (Elín Þóll Þórðardóttir, 2007).

Ættleidd börn á Íslandi koma í dag í langflestum tilvikum úr málumhverfi töluvert ólíku því íslenska (Íslensk ættleiðing, 2010). Þó að þau komi til Íslands á mismunandi aldri (mörg þó á aldrinum eins til tveggja ára eins og gögn í rannsókninni sem hér er fjallað um sýna) hafa þau reynt af öðru málumhverfi. Spyrja má hvert sé í raun

móðurmál ættleiddra barna, þar sem reynsla þeirra úr öðru málumhverfi en íslensku getur verið talsverð. Málproski ættleiddra barna hefur lítið verið rannsakaður í langtímarannsóknum, en fyrstu niðurstöður þeirrar rannsóknar sem hér er fjallað um hafa ekki bent til málörðugleika hjá börnunum, nema þegar um þroskaseinkun er að ræða.

Aðferð

Rannsóknin hófst árið 2005 og markmið hennar er að skilja reynslu íslenskra fjölskyldna af því að ættleiða börn frá útlöndum. Tuttugu fjölskyldur taka þátt, tíu þeirra ættleiddu börn árið 2002 og tíu árið 2004. Haft var samband við Íslenska ættleiðingu til að ná sambandi við fjölskyldurnar.

Rannsóknin er langtímarannsókn og er fyrirhugað að hún standi fram á unglingsár barnanna. Fylgst verður með högum, aðbúnaði og aðlögun fjölskyldnanna á rannsóknartímanum. Eigindlegum rannsóknaraðferðum er beitt og hálfopin viðtöl tekin við foreldra og börn. Hálfopin viðtöl eru valin til að fá eins nákvæmar upplýsingar um viðfangsefnið og hægt er (Flick, 2006; Kvale, 1996). Einnig er haft samband við kennara barnanna í síma eða tekin lengri viðtöl við þá þegar líður á rannsóknina. Líklegt er að ítarlegri svör fáið við rannsóknarspurningum er varða skóla og jafnaldráhópa þegar líður á rannsóknina.

Nú hefur verið talað tvisvar við hverja foreldra, í fyrra sinnið árið 2005 og síðan 2007/2008 þannig að það liðu u.þ.b. tvö ár milli viðtala. Viðtölin fóru fram á heimilum barnanna. Börnin voru oft viðstödd en ekki hafa verið tekin sérstök viðtöl við þau. Fyrirhugað er að taka næstu viðtöl við börnin sjálf og væntanlega munu raddir þeirra verða greinilegri í síðari niðurstöðum en í þessari grein er að mestu byggt á orðum foreldranna. Þegar seinni viðtölin fóru fram var u.þ.b. helmingur barnanna nýlega byrjaður í grunnskóla. Til þess að afla upplýsinga um hvernig leikskóladvölin hefði gengið var hringt í leikskólakennara barnanna. Þegar börnin hafa lengri reynslu af grunnskólanum verður haft samband við kennara þeirra þar. Öll viðtöl voru hljóðrituð og afrituð nákvæmlega. Til að gæta persónuverndar og trúnaðar við þátttakendur var öllum nöfnum sleppt. Viðtölin voru lesin margsinnis til að fá sem besta innsýn í þau og dregin út áhugaverð atriði, þau borin saman og fundin þemu (Flick, 2006; Kvale, 1996). Í þessari grein verður fjallað um leikskóladvöl barnanna, samstarf foreldra við leikskólann, samskipti barnanna og væntingar foreldra og leikskólakennara til grunnskólagöngu barnanna.

Niðurstöður og umræður

Sautján telpur og þrír drengir frá Kína (14) og Indlandi (6) taka þátt í rannsókninni. Frá Kína eru einungis telpur. Þegar börnin komu til Íslands voru þau átta og hálf mánaðar til sautján mánaða. Allir foreldrarnir höfðu atvinnu þegar viðtölin voru tekin. Menntun þeirra er ólík, allt frá grunnskólaprófi til háskólamenntunar. Flestir foreldrarnir eru gift hjón en í hópnum eru þó fjórar einhleypar mæður.

Samstarf foreldra og leikskóla

Í viðtölum við foreldra og leikskólakennara í leikskólum barnanna kom fram að samstarf var í öllum tilvikum gott. Foreldrar voru almennt ánægðir með leikskóla barna sinna og starfið þar. Leikskólakennararnir töluðu um fyrirmyndarsamstarf og áhugasama foreldra. Það styður niðurstöður rannsókna Linville og Lyness (2007) sem telja að samheldni, jákvæðni og opin samskipti í fjölskyldum séu allt þættir sem stuðli

að farsælli niðurstöðu og rannsókna Brodzinsky (2006) sem telur að opin og einlæg tjáskipti séu lykilatriði til að ættleiðing takist vel.

Ein móðirin kom að eigin frumkvæði með möppu með myndum frá upprunalandi barnsins í leikskólann. Leikskólakennarinn sagði að mappan hafi oft verið skoðuð og um hana rætt. Börnunum hafi ekki þótt þetta neitt tiltökumál. Nokkuð bar á að foreldrar ættu erfitt með að yfirgefa barn sitt í leikskólanum. Foreldrar lýstu því að börnin þeirra hafi verið öryggislaus fyrstu árin og töldu mjög mikilvægt að börnin mynduðu tengsl við þá. Sumum foreldrum var það líka áhyggjuefni að börnin skorti hömlur í samskiptum við ókunnuga. Samkvæmt Chisholm (1998) sýna ættleidd börn stundum ókunnugu fólki óhóflega ástúð án varúðar sem börn sýna jafnan í samskiptum við aðra og er slík ógagnrýnin vinsemd rakin til ótryggra geðtengsla eins og að ofan greinir. Móðir talaði um að dóttir hennar réðist nánast á nýtt fólk og vilji gleypa það. Einn leikskólakennari sagði um móður barns sem átti erfitt með tengjast börnunum í leikskólanum vegna þess að það vildi alltaf vera með fullorðnum:

Mér fannst þegar ég talaði við hana, að slíta þetta samband hennar við fullorðna, þá fannst mér mamma hennar aðeins fara í vörn en það jafnaði sig mjög fljótt. Ég held hún hafi bara séð hvernig þetta gekk. Henni leið mikið betur.

Annar leikskólakennari sagði:

... ég þurfti að slíta nokkra strengi. Því þegar hún byrjar hér fyrir ári síðar þá er hún bara háð fullorðnu fólki og talar bara við fullorðið fólk og hangir í okkur fullorðna fólkinu og vill að við vinnum öll verkefni með henni, að við sitjum við hliðina á henni þegar hún er að gera eitthvað og horfum á hana allan daginn. Þetta er eitthvað sem hún var vön og ég talaði við mömmu hennar og mamma hennar sagði að þetta væri af því að það þurfti að mynda einhver tengsl við hana því hún er fósturbarn. Þá var lagt upp úr því að það væri einhver fullorðinn með henni og það væri þessi maður á mann samskipti. Ég sagði að við yrðum að breyta þessu. Þetta væri ekki það sem við vildum til frambúðar. Við tókum á þessu hérna og það gekk alveg ofboðslega vel. Það var bara ekkert langur tími og ekki mikil áreynsla að slíta þetta.

Leikskólakennarinn taldi þetta hafa hindrað samskipti barnsins við önnur börn. Einnig taldi hún að hegðun barnsins stafaði af litlu sjálfstrausti og veikri sjálfsmynd. Um það sagði hún:

Af því að hún á ekki að bera sig saman við fullorðna og ekki samsvara sig við fullorðna, það er ekki hægt. Þegar hún fer að vinna með krökkunum þá er hún bara jafnklár og þau og við þurfum aðeins að vinna í því líka, að hún sæi það.

Mat leikskólakennara og foreldra á þroska barnanna

Börnin í rannsókninni eru langflest afar efnileg og með góðan þroska, bæði vitrænan og félagslegan eftir því sem foreldrar og leikskólakennarar telja. Oft er börnunum lýst sem varkárum og að þau vilji ekki vera með eða taka þátt fyrr en þau geti óaðfinnanlega það sem verið er að gera. Félagslega gekk þessum börnum vel og þau höfðu eignast vini. Málþroski þeirra var yfirleitt góður og þau fóru sum að tala íslensku á svipuðum tíma og innfædd börn þótt þau hefðu ekki heyrt málið fyrr en þau voru um það bil eins árs. Nokkur barnanna eru með seinkaðan þroska og eiga sér sögu um áföll, þau höfðu þá gjarnan verið ættleidd af sjúkralista. Á sjúkralista eru veik eða fötluð börn og gengur þá ættleiðing hraðar fyrir sig.

Öll börnin í rannsókninni fóru í leikskóla og var sammerkt með þeim að þau þurftu langan aðlögunartíma. Aðskilnaðurinn var erfiður fyrir marga foreldra sem höfðu lagt sig mikið fram við að mynda tengsl við börnin sem oft höfðu verið öryggislaus fyrstu árin og hreinlega límst við foreldra sína.

Börnunum hefur almennt vegnað mjög vel í leikskólunum að mati leikskólakennaranna í rannsókninni. Mörg þeirra eru virk félagslega og aðlagast barnahópnum vel.

Sum barnanna voru nokkuð óörugg í fyrstu að sögn leikskólakennaranna. Einn þeirra lýsti því þannig:

Hún er ekki vör um sig kannski, en hún spáir og skoðar aðstæður áður en hún hoppar út í það. Hún er yfirleitt alltaf glöð og kát hérna hjá okkur ... Hún er ofboðslega feimin. Hún er ekki sú sem að réttir upp höndina og segir það sem hún vill segja ef hópurinn er spurður.

Þau börn sem áttu við erfiðleika að stríða, svo sem hegðunarerfiðleika áttu nokkuð erfitt í leikskólunum að sögn leikskólakennaranna. Einn þeirra sagði:

Hann er með ofsalega mikla hvatvísi. Hann átti það til að nota handaflíð við krakkana. En það hefur minnkað, við sjáum það ekkert í dag en við sjáum stríðni. Hann er mikið að stríða og stjórnsamur. Það er hluti af þessu að hafa allt ... í röð og reglu. Hann veit alveg hvernig hinir eiga að haga sér en gerir það ekki endilega sjálfur.

Gögnin í rannsókninni styðja niðurstöður fræðimanna svo sem Dalen (2005), um að ættleidd börn búi yfir seiglu og styrk og þau geti snúið þroska sínum á jákvæðar brautir og yfirunnið mótlæti.

Uppruni og litarháttur

Í viðtölunum við leikskólakennarana kom einnig fram að sum barnanna höfðu áhyggjur af litarhætti sínum. Einn þeirra sagði:

... hún var svolítið upptekin af því sjálf á tímabili. Mér finnst ekki krakkarnir vera að hugsa út í það ... Krökkunum finnst hún ekki neitt öðruvísi en þau, ég hef ekki fundist það hjá þeim. En hún var svolítið upptekin af þessu sjálf á tímabili. Hún hugsaði svolítið út í að hún ætti ekki pabba því að mamma hennar er ein með hana ... pabbi hennar ætti heima í Kína.... Það eru svo margar ljóshærðar stelpur í hópnum hennar. Það kom svolítið upp hjá henni að hún var sú eina sem var með svona dökkt hár, svona svart hár ... Hún vildi ekki vera brún í sólinni ...

Þetta er samhljóma niðurstöðum Beckett o.fl. (2008) um að flest ættleidd börn séu forvitin um uppruna sinn og styður einnig niðurstöður Hawkins o.fl. (2007) um að kjörbörn eigi stundum erfitt með að tala um ættleiðinguna og finnist oft að þau séu öðru vísi en fjölskyldan.

Sum barnanna höfðu orðið fyrir aðkasti vegna litarháttar síns eða fengið erfiðar spurningar og athugasemdir frá öðrum börnum sem særðu þau. Einn leikskólakennari sagði aðspurður hvort svo væri:

Það hefur komið upp á milli þeirra: „Ég vil ekki sitja við hliðina á þér því þú ert svört“. En hún er ekki svört. Þetta hefur maður alveg heyrt. Við höfum alveg tekið á þessu, við vitum að gert er eins í skóla.

Fleiri dæmi voru um samskipti milli barnanna sem tengdust litarhætti, t.d. var ein telpan spurð að því hvort hún væri úr súkkulaði. Drengur kom heim úr leikskólanum og sagði mömmu sinni að stelpa hefði sagt að hann væri ljótur á litinn. Hann velti litarhættinum talsvert fyrir sér, spurði mömmu sína hvort hún vildi vera brún og hvenær hann yrði hvítur. Þessar niðurstöður eru samhljóma rannsóknum þar sem komið hefur fram að litarháttur og uppruni getur vakið neikvæða athygli barna og

valdið viðkomandi erfiðleikum (sjá t.d. Hernandez, 2004; Ladson-Billings, 2001; Nieto, 1999).

Yfirleitt áttu börnin í rannsókninni ekki systkini nema foreldrarnir hefðu ættleitt fleiri börn. En ein telpa frá Kína á tíu árum eldri íslenska systur. Þeirri telpu hefur verið strítt á því að eiga „hrísgrjónasystur“ og hún hefur ekki jafnað sig á því að vera ekki lengur miðpunktur fjölskyldunnar.

Uppnefnið „hrísgrjónasystir“ bendir til þess að fordómar séu hér viðloðandi gagnvart Asíubúum en það er einmitt skoðun einnar móðurinnar sem segist vilja undirbúa telpuna sína (frá Kína) til að vera sterk því að hún eigi sjálfsagt eftir að lenda í einhverju.

Í þeim tilvikum þegar ættleiddu börnin voru fötluð eða áttu við aðra erfiðleika að stríða, gerðu foreldrarnir lítið úr vandamálum tengdum litahætti, þau hefðu um mikilvægari mál að hugsa.

Einn leikskólakennarinn nefndi að athygli barnanna hefði frekar beinst að öðrum börnum en þeim ættleiddu:

Við erum með og höfum verið með börn hérna sem að eiga tvær mæður, og ég hugsa að þau hafi fengið fleiri spurningar en hún.

Börnin vöktu oft athygli vegna útlits og litaháttar en aðallega á jákvæðan hátt eins og ein móðirin sagði:

Þetta er náttúrulega stelpa með svarta hárið sko, en allt í jákvæðu sko. Þeim finnst hún ægilega skemmileg og ægilega sæt, það hjálpar!

Sum barnanna vöktu annars konar athygli vegna útlits síns. Einn leikskólakennari sagði:

Hún er búin að vera frekar áberandi barn á leikskólanum ... Hún er svo lítil og nett. Falleg stelpa. Þeir sem eru svona litlir og nettir fá alltaf, hvað heitir það?... Þeir eru á handlegg. Það eru alltaf allir í mömmuleik með þau. Það er búið að vera svolítið svoléiðis með hana. Eitthvað sem við þurftum að taka á og tókum á þegar hún kom hingað á eldri deildina. Þá var hún að verða fimm ára. Þá tókum við fyrir þetta. Ég bannaði þetta.

Væntingar til grunnskólagöngu barnanna (leikskólakennarar og foreldrar)

Leikskólakennararnir voru almennt bjartsýnir á grunnskólagöngu barnanna. Þeir töluðu margir um að börnin hefðu skarpan huga og væru dugleg á bókina. Þetta styður niðurstöður rannsókna Dalen (2005), Marcovitch o.fl. (1997) og Dalen og Rygvold (2006) sem getið er hér að ofan. Einn lýsti einni kínversku telpunni svona:

Hún er lausnamiðuð. Hún er oft mikið að þæla og hugsa, hvað sé skynsamlegt og ... Gaman að tala við hana líka. Svo er hún bara dugleg að teikna, hreyfa sig ... hún er bara svo góð á öllum sviðum.

Annar leikskólakennari orðaði væntingar sínar svona:

Ég held að hún verði bara, hún taki því bara létt, ég hef ekki nokkrar áhyggjur af þessari stelpu, það náttúrulega hjálpar að það fór dálítið stór hópur hérna frá okkur og lenda saman í bekk og en ég hef engar áhyggjur af henni.

En sumir kennararnir voru svolítið hugsandi vegna væntanlegrar grunnskólagöngu, einn þeirra sagði:

Það eina sem við höfum verið að velta fyrir okkur, við spáum í því sem gerist þegar þau fara í skóla, síðasta árið gengur út á það, að hugsa framtíðina og það sem við veltum fyrir okkur og veltum vöngum fyrir, það er að hún er lituð.

Foreldrarir töldu flestir börn sín vera vel undirbúin fyrir grunnskólagöngu, enda höfðu þeir átt gott samstarf við leikskólakennarana og átt fundi með grunnskólakennurum barna sinna. Leikskólarnir væru flestir í góðu samstarfi við grunnskólana og börnin hefðu farið þangað í heimsóknir. Margir foreldrar lýstu þó nokkrum ótta við að börnin yrðu fyrir aðkasti eða stríðni vegna litarháttar síns.

Lokaorð

Rannsóknin leiðir í ljós að börnin hafa aðlagast vel innan fjölskyldna og leikskóla. Foreldrarir höfðu lagt mikið á sig til að mynda gagnkvæm tengsl við börnin og gera þau örugg. Að mati leikskólakennara stóðu börnin öðrum börnum fyllilega jafnfætis og þeir voru bjartsýnir um að börnunum farnaðist vel í grunnskóla. Sjálfsagt er þó að hafa í huga að uppruni og litarháttur barnanna mun vekja forvitni og umtal og ef til vill valda einhverjum þessara barna óþægindum. Það skiptir því miklu að börnin séu örugg og félagslega sterk.

Gögn rannsóknarinnar segja ekki enn þá mikið um hvernig börnin líta á sig eða sjá sína framtíð. Það mun skýrast þegar viðtölin verða tekin við börnin sjálf. Of snemmt er að segja til um hvernig börnunum muni verða tekið í grunnskólunum en farsæl leikskólaganga þeirra og góð tök þeirra á íslensku máli gefur tilefni til bjartsýni.

Heimildir

- Beckett, C., Castle, J., Groothues, C., Hawkins, A., Sonuga-Barke, E. og Colvert, E. (2008). The experience of adoption (2). The association between communicative openness and self-esteem in adoption. *Adoption & Fostering*, 32(1), 29–39.
- Borders, L. D., Black, L. K. og Pasley, B. K. (1998). Are adopted children and their parents at greater risk for negative outcomes? *Family Relations*, 47(3), 237–241.
- Bowlby, J. (1951). *Maternal care and mental health*. Geneva: World Health Organization.
- Brodzinsky, D. (2006). Family structural openness and communication openness as predictors in the adjustment of adopted children. *Adoption Quarterly*, 9(4), 1–18.
- Brodzinsky, D. M. og Brodzinsky, A. B. (1992). The impact of family structure on the adjustment of adopted children. *Child Welfare*, 71(1), 69–76.
- Brooker, L. (2002). *Starting school: Young children learning cultures*. Buckingham og Philadelphia: Open University Press.
- Coard, B. (2005). How the West Indian child is made educationally subnormal in the British school system: the scandal of the black child in schools in Britain. Í B. Richardson (ritstjóri), *Tell it like it is: How our schools fail black children* (bls. 27–59). London og Stoke on Trent: Bookmarks Publications/Trentham Books.
- Chisholm, K. (1998). A three year follow-up of attachment and indiscriminate friendliness in children adopted from Romanian orphanages. *Child Development*, 69(4), 1092–1106.
- Dalen, M. (2005). ”Vi hentet våre barn i Kina”. Foreldres fortellinger om adopsjoner fra Kina – til Norge – til USA. Institutt for spesialpedagogikk. Oslo: Universitetet.
- Dalen, M. og Rygvold, A. (2006). Educational achievement in adopted children from China. *Adoption Quarterly*, 9(4), 45–58.
- Drew, D. og Demack, S. (1998). A league apart: Statistics in the study of ‘race’ and education. Í P. Connolly og B. Troyna (ritstjórar), *Researching racism in education. Politics, theory and practice* (bls. 140–170). Buckingham og Philadelphia: Open University Press.
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennig á Íslandi* (bls. 101–128). Reykjavík: Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum KHI og Háskólaútgáfan.
- Flick, U. (2006). *An introduction to qualitative research* (3. útgáfa). London: Sage.
- Friedlander, M. L. (1999). Ethnic identity development of internationally adopted children and adolescents: Implications for family therapists. *Journal of Marital and Family Therapy*, 25(1), 43–60.
- Gundara, J. S. (2000). *Interculturalism, education and inclusion*. London: Paul Chapman.
- Hawkins, A., Beckett, C., Castle, J., Groothues, C., Sonuga-Barke, E., Colvert, E. o.fl. (2007). The experience of adoption (1): From the child point of view – an exploration of the attitudes of intercountry and domestic adoptees. *Adoption & Fostering*, 30(4), 5–16.
- Hernandez, D. J. (2004). Children and youth in immigrant families. Demographic, social, and educational issues. Í J. A. Banks og C. A. M. Banks (ritstjórar), *Handbook of research on multicultural education* (2. útgáfa; bls. 404 - 419). San Fransisco: Jossey-Bass.
- Holm, G. og Londen, M. (2010). The discourse on multicultural education in Finland: Education for whom? *Intercultural Education*, 21(2), 107–120.
- Íslensk ættleiðing. (2010). *Löndin*. Sótt 19. ágúst 2010 af <http://www.isadopt.is/index.php?p=londin>
- Johnson, D. E. (2002). Adoption and the effect on children’s development. *Early Human Development*, 68, 39–54.
- Jónsdóttir, E. S. og Ragnarsdóttir, H. (2010). Multicultural education in Iceland: vision or reality? *Intercultural Education*, 21(2), 153–167.

- Juffer, F. og Rosenboom, L. G. (1997). Infant-mother attachment of internationally adopted children in the Netherlands. *International Journal of Behavioral Development*, 20(1), 93–107.
- Kvale, S. (1996). *Interviews*. Thousand Oaks: Sage.
- Ladson-Billings, G. (2001). *Crossing over to Canaan. The journey of new teachers in diverse classrooms*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Linville, D. og Lyness, A. P. (2007). Twenty American families' stories of adaptation: Adoption of children from Russian and Romanian institutions. *Journal of Marital and Family Therapy*, 33(1), 77–93.
- Marcowitch, S., Goldberg, S., Gold, A., Washington, J., Wasson, C., Krekewich, K. og Handley-Derry, M. (1997). Determinants of behavioral problems in Romanian children adopted in Ontario. *International Journal of Behavioral Development*, 20(1), 17–31.
- Nieto, S. (1999). *The light in their eyes. Creating multicultural learning communities*. New York: Teachers College Press.
- O'Brien, K. M. og Zamostny, K. P. (2003). Understanding adoptive families: An integrative review of empirical research and future directions for counseling psychology. *The Counseling Psychologist*, 31(6), 679–710.
- Ragnarsdóttir, H. (2008). *Collisions and continuities: Ten immigrant families and their children in Icelandic society and schools*. Saarbrücken: VDM Verlag Dr. Müller.
- Rumbaut, R. G. og Portes, A. (2001). Introduction – Ethnogenesis: Coming of age in immigrant America. Í R. G. Rumbaut og A. Portes (ritstjórar), *Ethnicities. Children of immigrants in America* (bls. 1–19). Berkeley o.fl.: University of California Press.
- Spitz, R. (1956). The influence of mother-child relationship, and its disturbances. Í K. Soddy (ritstjóri), *Mental health and infant development: Vol. I. Papers and discussions* (bls. 103–108). New York: Basic Books.
- Von Brömssen, K. og Olgaç, C. R. (2010). Intercultural education in Sweden through the lenses of the national minorities and of religious education. *Intercultural Education*, 21(2), 121–135.
- Wierzbicki, M. (1993). Psychological adjustment of adoptees: a meta-analysis. *Journal of Clinical Child Psychology*, 22(4), 447–454.